

Svar

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um skuldir atvinnugreina.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar eru áætlaðar skuldir eftirtalinna atvinnugreina og hverjar eru forsendur útreikninganna:

- a. byggingastarfsemi og mannvirkjagerð,*
- b. verslun,*
- c. ferðaþjónusta,*
- d. iðnaðarstarfsemi,*
- e. fjármála- og váttryggingastarfsemi,*
- f. fasteignaviðskipti?*

Engin opinber stofnun hefur upplýsingar um endanlega skuldastöðu fyrirtækja eftir atvinnugreinum en Seðlabanki Íslands tekur saman upplýsingar um útlán innlánsstofnana til fyrirtækja samkvæmt eftirgreindri sundurliðun. Ekki er hægt að fá sundurliðun á fjármála- og váttryggingastarfsemi, ferðaþjónustu og fasteignaviðskipti eins og beðið er um í fyrirspurninni.

Staða útlána í mars 2011.

	Millj. kr.
Landbúnaður	13.000
Fiskveiðar	149.329
Námugróftur og iðnaður	183.026
Veitur	14.227
Byggingastarfsemi	83.238
Verslun	132.267
Samgöngur og flutningar	35.603
Þjónusta	494.368
Samtals	1.105.057

Forsendur útreikninganna eru sem hér segir: Virði útlánasafns innlánsstofnana er metið á kaupvirði, þ.e. því virði sem innlánsstofnanir keyptu útlánin á af fyrirrennurum sínum. Kaupverðið er það virði sem vænst er að muni innheimtast af útlánunum. Virði útlánasafns þessara aðila endurspeglar því ekki skuldastöðu viðskiptavina.